



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um niðurgreiðslur vegna daggæslu**

Á fundi borgarráðs, 19. nóvember 2020, lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Fulltrúi Flokks fólksins hefur áður spurt um málefni dagmæðra m.a. í gegnum COVID. Hjá þeim hefur ekki orðið breyting. Eitthvað hefur verið um brottfall úr stéttinni. Einhverjir náðu að fylla pláss sín í haust en aðrir hafa átt erfitt með það og það vegna þess að leikskólar eru að taka inn á öllum tímum. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um hvort einhver hækkun verði á niðurgreiðslu til "foreldra" vegna barna hjá dagforeldrum.*

#### **Svar:**

Hækkun á niðurgreiðslum til dagforeldra vegna barna í daggæslu hefur verið sem hér segir á árunum 2019-2022:

1. janúar 2022	4,1%
1. janúar 2021	2,4%
1. janúar 2020	2,5%
1. janúar 2019	15,0%